

Fundargerð aðalfundar 7. maí 2011

1. Setning fundar og kosning embættismanna fundarins

Fundurinn hefst með því að Guðlaug Einarsdóttir formaður Ljósmeðrafélags Íslands setur fundinn og býður fundarkonur í fundarsal BHM og ljósmeður í fjarfundi velkomnar. Í kjölfarið er kosning embættismanna fundarins og er fundarstjóri kosin Ólafía Guðmundsdóttir og fundarritarar Steinunn H. Blöndal og Helga Sigurðardóttir.

Að því loknu fær fundarstjóri orðið, hún les fundarsköp Ljósmeðrafélagsins og fer yfir dagskrá fundarins.

2. Fundargerð aðalfundar 2010

Steinunn H. Blöndal, ritari félagsins, las upp fundargerð aðalfundar frá því í fyrra. Guðlaug biður um orðið í kjölfarið og tilkynnir að gefnu tilefni að í félaginu hafi kreditkortanóta á ársreikningi síðasta árs hafi verið bókunarvilla.

Kredidkortanotkun átt sér einungis stað í tengslum við utanlandsferðir og ráðstefnur. Brynja Pála spyr þá út í formgerð heimaþjónustudeildar og Guðlaug svarar því til að uppstillingarnefnd komi ekki að stjórn deilda innan félagsins. Engar fleiri athugasemdir voru gerðar við aðalfundargerð og hún samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Guðlaug Einarsdóttir les skýrslu stjórnar um starf félagsins síðast liðið ár. Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að funda oftari, eða á 2ja vikna fresti við góðan orðstír stjórnarkvenna. Þá ber að fagna að félagið réð Brynju Pálu Helgadóttur ljósmóður í 20% starfshlutfall hjá félaginu.

Svo stiklað sé á stóru í starfi félagsins síðast liðið ár þá hefur félagið ítrekað varað stjórnvöld við handahófskenndum niðurskurði í kjölfar efnahagshrunsins. Á síðasta ári tók félagið jafnframt af skarið og tók frumkvæði að því að vinna skýrslu um stöðu barneignarþjónustunnar og áherslur ljósmæðra á stefnumótun hennar á breytingatímum. Skýrslan fékk talsverða umfjöllun og verður vonandi upphaf af þverfaglegri samvinnu um stefnumótun barneignarþjónustunnar. Þá stóð félagið fyrir könnun um eðli og umfang heimaþjónustu ljósmæðra til að varpa skýrara ljósi á það mikilvæga starf sem þar er unnið, í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á heimaþjónustukerfi landsmanna. Og að sjálfsögðu einkenndist árið að hagsmunavörslu félagskvenna. Jafnframt er áfram unnið að því að endurskoða uppbyggingu félagsins og vonast er til að þeirri vinnu ljúki á næsta ári.

Þá þakkaði Guðlag þeim ljósmæðrum sem nú hverfa af vettvangi á vegum félagsins fyrir óeigingjant starf og tiltók sérstaklega Ólöfu Ástu Ólafsdóttur fyrir hennar áratugalanga starf fyrir félagið í hinum ýmsu nefndum, Nýjum ljósmæðrum í stjórn og nefndum óskaði hún velfarnaðar.

Leiðrétt var að ráðstefna sem átti að halda í tengslum við alþjóðadag ljósmæðra féll niður, en engar aðrar athugasemdir voru gerðar um skýrslu stjórnar og hún samþykkt.

4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Inga Sigríður Árnadóttir gjaldkeri félagsins fór yfir reikninga félagsins og Kristján Ármannsson bókarari var viðstaddur þennan lið fundarins.

1. Laun

Varðandi laun og launatengd gjöld hafa vinnulaun hækkað í tengslum við ráðningu á nýjum starfsmanni.

2. Félagslegur kostnaður

Varðandi hækkun á aðkeyptri þjónustu er hér bókuð vinna Hildar Sigurðardóttur í tengslum við skýrslu um heimaþjónstu, en hún fékk borgað 500.000 krónur fyrir þá úttekt.

Ólafía spyr út í Brekkusjóðinn. Hann varð til þegar bústaðurinn var seldur og eftirstöðvar eftir kaup skrifstofu félagsins myndar nú Brekkusjóð sem er varasjóður eða framkvæmdasjóður félagsins. Guðlaug útskýrir nánar skiptingu og yfirfærslu sjóða.

Bergrún Svava spyr út í styrki til félagsmanna og Inga Sigríður svarar að styrkir eru bókaðir þegar þeir eru greiddir út en ekki þegar viljrði er veitt.

6. Höfðustóll

Inga Sigríður útskýrir að yfirfærsla á Orlofssjóði sem nú stendur í rúmum sjö milljónum sé vegna þess að það sé leiðrétting, en í reikningum leit út fyrir að félagið skuldaði orlofssjóði rúmar sjö milljónir eftir sölu bústaðarinnis en söluverð hans varð að eign félagsins (sjá liðinn á undan).

Eftir að Inga Sigríður hefur lokið að fara yfir reikninga er opnað fyrir frekari umræður. Engar frekari umræður skapast en hafa orðið við yfirferð. Reikningar eru samþykktir án athugasemda.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Inga Sigríður, gjaldkeri félagsins segir hér frá fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sem hún og Guðlaug formaður hafa undirbúið. Þetta er skýrt fram sett, og segir Inga Sigríður frá því að verið sé að bóka eftir nýjum lyklum og t.d. náðist ekki að setja inn framlag í Þórdísarsjóð fyrir áramót og bókast það því eftir á. Esther spyr út í þetta og Inga Sigríður segir frá því að stundum sé það þannig að uppgjör fari á milli áramóta, sem í heildarmyndinni skiptir kannski ekki öllu máli.

Almennt gerður góður rómur að fjárhagsáætluninni, og engar frekar spurningar.

6. Skýrslur nefnda

1. *Skýrsla fræðslu- og endurmenntunarnefndar Ljósmæðrafélags Íslands*

Brynja Pála Helgadóttir les skýrsluna í fjarveru Hönnu Rutar Jónasdóttur formanns.

Sú nýbreytni var á síðasta ári að fræðslunefnd efndi til samstarfs við Endurmenntun Háskólans í kjölfar könnunar á áhugasviði ljósmæðra, þar sem kom fram áhugi á samtalsmeðferð. Því miður þurfti að fresta því námskeiði, en í gær var svo haldið námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍ um þjónustu og umönnun viðkvæmra hópa kvenna í tengslum við barneignarferlið.

Tvær hringborðsumræður voru haldnar á árinu og jólafundur í húsnaði Bjarkarinnar þar sem vel var mætt og gaman.

Þá var haldið nálastungunámskeið á vegum Maríu Sigurðardóttur og verður seinni hluti námskeiðsins haldinn í næstu viku

2. Skýrsla Kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Guðlaug Einarsdóttir les skýrluna í fjarveru Jónínu Birgisdóttur formanns. Kjaranefndin hóf störf sín s.l. vor á því að sækja kjararáðstefnu á vegum BHM og var það mjög gagnleg ráðstefna. Kjarasamningar hafa verið lausir síðan 2009 en vegna þjóðfélagsaðstæðna hefur lítið þokast í kjaramálum síðan. Á síðasta ári voru þrír formlegir fundir með allri kjaranefndinni en þess á milli hafa formaður kjaranefndar og formaður LMFÍ unnið að málum tengd kjaramálum.

Niðurstöður rafrænnar könnunar til félagskvenna bentu til að ljósmæður vildu leggja áherslu á grunnlaunahækkun, minnka vinnuskyldu með hækkandi aldri óháð grunnlaunum, stytting vinnuviku og áherslu á endurmenntun. Kjaranefnd vann síðan úr þessum niðurstöðum og útbjó kröfugerð fyrir tilvonandi kjaraviðræður.

Reglulegir kjarasamráðsfundir hjá BHM eru haldnir til að bera saman kjaramál félagana. Niðurstaða var að vænlegast til árangurs væri að fara sameiginlega fram í kjaraviðræðum og félagsfundur ljósmæðra studdi einróma þá ákvörðun. Nú eru BHM félögin að vinna að sameiginlegri kröfugerð og situr formaður kjaranefndar í samningsnefnd og verður meginþáttur að leiðrétta kaupmáttarskerðinguna frá 2008.

3. Skýrsla ritnefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri les skýrslu ritnefndar.

Árið 2010 voru gefin út tvö tölublöð af Ljósmæðrablaðinu eins og undanfarin ár og sem fyrr gengur vel að fá ljósmæður til að skrifa í blaðið. Mikil breyting var á ritnefnd á síðasta ári, en samskipti fara að mestu fram á tölvutæku formi. Lögð er fram tillaga um að ritstjóri blaðsins fái nú nýtt netfang ritstjori@ljosmodir.is og er það samþykkt af hálfu fundarins.

4. Skýrsla siðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Ólafía ber fréttir frá siðanefnd í fjarveru formanns, en ekki barst skrifleg skýrsla frá siðanefnd félagsins í ár. Samkvæmt formanni, Gróu Margréti Jónsdóttur, barst nefndinni eitt erindi á starfsárinu og er það í farvegi.

5. Skýrsla sjóðanefndar Ljósmæðrafélags Íslands

Guðlaug Einarsdóttir les skýrsluna. Að þessu sinni bárust 10 umsóknir sem allar voru fullnægjandi, en einni var hafnað þar sem viðkomandi hafði ekki sjóðsaðild. Þar sem ljóst var að ekki yrði mögulegt að styrkja öll verkefni til fulls var ákveðið að styrkja meistararannsóknir um 300.000 krónur en aðrar rannsóknir um 250.000 krónur, en umsóknir vegna skólagjalda fengu fullan styrk.

Nokkur umræða fór fram um það hvers vegna upphæð hefði lækkað frá síðasta ári, en ástæðan er einfaldlega sú að umsóknir eru fleiri en áður. Birna Gerður Jónsdóttir spyr þá hvort það sé eðlilegt að því sé þannig varið að þetta sé spurning um heppni, þ.e. hvort maður fái fullan styrk ef landslagið liggur þannig. Jenný Inga Eiðsdóttir tekur undir þessar vangaveltur og leggur til að stjórn og sjóðanefnd þurfi að finna lausn á þessu misræmi milli ára.

7. Skýrslur deilda

1. Skýrsla fagdeildar heimaþjónustu

Berglind Hálfhánsdóttir les þessa skýrslu. Vinna fagdeildarinnar síðast liðið ár hefur falist í að reyna að vinna að rekstrarlegu umhverfi þjónustunnar. Eins og ljósmæður vita hefur Velferðarráðuneytið haft hugmyndir um að flytja starfsemi heimaþjónustunnar yfir í heilsugæsluna og hafa ljósmæður haft um það alvarlegar efasemdir, bæði á faglegum og rekstarlegum forsendum. Samþykkt var á fjölmennum félagsfundi 30. mars að stofna vinnuhóp til að útfæra hugmyndir ljósmæðra um bættan rammasamning (plan A) og útfærslu heimaþjónustu innan heilsugæslu (plan B). Sá hópur hefur þegar tekið til starfa. Til stendur að framlengja rammasamning til áramóta. Verið er að skoða möguleika á umbótum. Undirbúingur fyrir þær viðræður eru nú í höndum stjórnar Fagdeildar og vinnuhóps um heimaþjónustu. Framundan eru óvissutímar meðan málefnum heimaþjónustu verður stýrt í farsæla höfn, hvar sem hana er að finna.

Birna Gerður Jónsdóttir biður um orðið og segir að kvartanir frá konum sem njóta þjónustunnar hafi verið sendar í fagråd ljósmæðra á Landspítala. Hún efast um að það sé réttur vettvangur og spyr hver sé skoðun fagdeildarinnar. Að Birnu Gerðar mati virðist það vera að konur veigri sér við að senda formlegar kvartanir til landlæknis, þ.e. „að fara alla leið“ með kvörtun. Berglind ítrekar að það sé eindregið réttur farvegur að senda kvartanir um gæði þjónustunnar til landlæknis, þar eigi þær heima. Í fagráði sé þetta spurningin um að við séum dómamarar hjá hver annarri og það kunni ekki góðri lukku að stýra. Guðlaug tekur undir þetta, að faglega eigi Landlæknir að taka þetta að sér og Sjúkratryggingar Íslands að bregðast við því. Helga Sigurðardóttir bætir við að konurnar þurfi að vita að þær eigi að leita til landlæknis ef þær eru óánægðar og Jenný Inga kemur með þá hugmynd að kannski væri gott að stofna umboðsmann kvenna þar sem konur gætu fengið upplýsingar um rétt sinn og hvert þær geta leitað.

Þá spyr Jenný Inga hvort maður þurfi að ganga í fagdeild heimaþjónustu og Berglind svara því til að allar ljósmæður sem sinna heimaþjónustu séu í fagdeildinni. Þá kemur einnig spurning um það hvaða ljósmæður séu í stjórn fagdeildar og upplýst er að það séu Hildur Sigurðardóttir, Jóhanna Skúladóttir, Arney Þórarinsdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir, Björk Steinþórsdóttir og Berglind Hálfhánsdóttir.

Kolbrún Jónsdóttir spyr um samræmda fræðslu til ljósmæðra sem sinna heimaþjónustu. Berglind svarar því til að staðið hafi til að halda árlega fræslu til ljósmæðra í heimaþjónustu en vegna fyrirferðamikillar umræðu um framtíð heimaþjónustunnar hafi það ekki orðið.

2. Skýrsla Norðurlandsdeildar Ljósmæðrafélags Íslands

Hulda Magnadóttir varaformaður les skýrsluna. Stafsemi Norðurlandsdeildar Ljósmæðrafélagsins á starfsárinu 2010 – 2011 hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár, en félagar eru fjörutíu og sjö. Haldinn hefur verið einn stjórnarfundur auk samskipta stjórnarmeðlima í gegnum tölvupóst og síma og ýmsar upptakomur aukreitis, s.s. aðventufundur, jógaferð og fræðsluerindi.

3. Skýrsla Ljósanna

Ólafía Guðmundsdóttir les skýrsluna í fjarveru Maríu Björnsdóttur formanns. Deildin Ljósurnar verður 6 ára í desember á þessu ári. Í þessari deild eru ljósmæður 60 ára og eldri. Félagskonur í ársbyrjun 2011 voru 220 samkvæmt póstlista. Vitað er að fleiri á landinu uppfylla aldursskilyrði en ekki hafa allar ljósmæður kært sig um að vera á póstlista.

Starfsemin hefur verið með hefðbundnum hætti, aðalfundur í október og almennur fundur á vorin. Þá hefur verið farið í dagsferð í júní við góðan orðstír félagskvenna, en sérstök ferðanefnd innan ljósanna sér um það. Þá er tiltekið að ljósmæður bíði með tilhlökkun eftir að ná aldri til inngöngu í Ljósurnar svo við getum allar hlakkað til sem yngri erum!

8. Tillaga sjóðanefndar um breytingu á stofnskrá Rannsókn- og þróunarsjóðs LMFÍ

Breytingatillögur á stofnskrá Rannsókn- og þróunarsjóðs LMFÍ. Guðlaug Einarsdóttir flytur þessa tillögu en sjóðanefnd LMFÍ leggur fram tillögu til aðalfundar um breytingar á stofnskrá Rannsókn- og þróunarsjóðs. Ástæða þessa er sú að vegna mistaka var sett inn í stofnskrá sjóðsins að hann skyldi staðfestur af Sýslumanninum í Reykjavík en eftir úthlutun verkefna til sýslumannsembætta, hefur Sýslumaðurinn á Sauðárkróki þetta hlutverk á landsvísu.

Þær breytingar sem sjóðanefnd leggur fyrir aðalfund er niðurfelling eftirfarandi orða/setninga í skipulagsskrá. Guðlaug biður um leyfi til að lesa einungis breytingar og er það samþykkt.

Stofnaðild, varsla o.fl.

1. gr.

Lagt er til að þessi grein sé felld út og er það samþykkt.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Ávöxtun fjár og ársreikningar

6. gr.

Þessi klausa var samþykkt á aðalfundi í fyrra og er þetta lesið til upplýsingar. *Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og bera ríkisábyrgð.*

Skráning sjóðsins, breytingar á skipulagsskrá o.fl.

7. gr.

Lagt er til að sjöunda grein verði eftirfarandi.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki aðalfundar Ljósmeðrafélags Íslands.

Sjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar og. Hrein eign hans skal þá renna til Ljósmeðrafélags Íslands.

Hér kemur fyrirspurn frá Steinunni Blöndal um hvaða stjórn verið er að tala um. Samþykkt er breytingartillaga sem hljóðar svo:

Sjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnar sjóðsins og stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands Hrein eign hans skal þá renna til Ljósmeðrafélags Íslands.

Staðfesting

8. gr.

Lagt er til að áttunda grein verði eftirfarandi og er það samþykkt.

Skipulagsskrá Rannsókn- og þróunarsjóðs Ljósmeðrafélags Íslands staðfestist hér með

Reykjavík, xxxx, 2010

Erna Guðmundsdóttir
lögfræðingur BHM

Guðlaug Einarsdóttir
formaður LMFÍ

Samþykktar eru breytingartillögur frá sjóðanefnd og fer Ólafía aftur yfir þær breytingar sem hafa verið samþykktar.

9. Stjórnar- og nefndakosningar

Ólafía fer yfir störf uppstillingarnefndar sem fylgdu fundargögnum.

Stjórn: Esther Ósk Ármannsdóttir kemur ný inn sem formaður í stað Guðlaugar Einarsdóttur sem gengur úr stjórn. Helga Sigurðardóttir varaformaður gefur kost á sér til áframhaldandi setu í eitt á til að tryggja að skörun eigi sér stað. Steinunn H. Blöndal ritari gengur úr stjórn og Jóhanna Skúladóttir verður ritari. Guðrún

Gunnlaugsdóttir kemur ný inn í stjórn sem vararitari. *Kjaranefnd*: Árný Anna Svavarsdóttir gengur úr kjaranefnd og Björg Sigurðardóttir kemur ný inn. *Ritnefnd*: Ólöf Ásta Ólafsdóttir gengur úr ritnefnd og Ásrún Ösp Jónsdóttir kemur ný inn. *Fræðslunefnd*: Sveinbjörg Brynjólfsdóttir kemur ný inn fyrir Maríu Haraldsdóttur. *Sjóðanefnd*: Margrét Guðmundsdóttir (Hreiðrið) kemur ný inn fyrir Ólöfu Ástu Ólafsdóttir. *Kjörnefnd/Uppstillingarnefnd*: Margrét Guðmundsdóttir (FG) (verður formaður) og Hallfríður Kristín Jónsdóttir koma nýjar inn og Anna Harðardóttir og Þórdís Klara Ágústsdóttir ganga út : *Siðanefnd*: Helga Harðardóttir verður formaður og Birna Gerður Jónsdóttir kemur ný inn, Ingibjörg Eiríksdóttir gengur út.

10. Formannsskipti

Guðlaug fráfarandi formaður biður um orðið, en hún hefur nú sinnt formannsstarfinu síðast liðin 6 ár. Guðlaug segir frá því að óneitanlega komi upp í hugann blendnar tilfinningar þegar maður yfirgefur starf sem hefur tekið svo mikið pláss í lífinu. Því sé ekki að neita að tilfinningin „að vera ómissandi“ komi upp í hugann. Guðlaug þakkar fyrir sig og kallar í tilvonandi formann, Esther Ósk Ármannsdóttur og afhendir henni *einkennismerki formannsins* sem er GSM sími sem allir geta hringt í!

Auk þess færir Guðlaug Esther tvær lyklakippur og fundarmöppu formanns. Esther fær þá orðið og þakkar fyrir traustið í sinn garð. Hún minnir okkur ljósmæður á hversu ríkar við erum að eiga þetta starf og segist full tilhlökkunar varðandi framtíðina, þótt óneitanlega sæki líka að henni kvíði að takast á við þetta mikilvæga starf. Hún þakkar enn fremur Guðlaugu frábær störf í þágu félagsins og er þess fullviss að hún eigi eftir að leita eftir hennar aðstoð næstu mánuði.

Ólafía fær nú aftur orðið og þakkar Guðlaugu fyrir hennar frábæra framlag og undir það tekur fundurinn.

Helga Sigurðardóttir varaformaður þakkar ljósmæðrum sem nú hafa hætt formlegum nefndarstörfum fyrir störf í þágu félagsins. Hún færir líka Guðlaugu gjöf frá félaginu, áritaða Gestabók og gullhúðaða furstynjubolla sem fráfarandi stjórn hefur heyrt Guðlaugu áður mæra.

11. Önnur mál

Ekki er beðið um að önnur mál séu tekin á dagskrá og er fundi slitið klukkan fjögur.

Að fundi loknum er boðið upp á veitingar úr smiðju Helgu Sigurðardóttur.

Fundarritarar

Steinunn H. Blöndal og Helga Sigurðardóttir

